

# Málstofa um grunnskóla 6. október 2008

Er hlutverk kennarans fyrir borð  
borið?

# Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga

- Þann 1. ágúst 1996 fluttist rekstur grunnskólans að öllu leyti til sveitarfélaganna
- Flestir eru sammála um að það hafi tekist vel og að sveitarfélög hafi sýnt mikinn metnað við rekstur hans

# Hvað hefur breyst?

- Starfsfólki hefur fjölgað
- Kennslustundum nemenda hefur fjölgað
- Skólaárið hefur lengst
- Kennsluskylda kennara hefur lækkað
- Allir skólar einsetnir
- Umræða um grunnskólann hefur aukist

# Hvað hefur breyst?

- Á heimasíðu Hagstofu Íslands má m.a. sjá:
- Stöðugildum starfsfólks í grunnskólum hefur fjölgað um 45% frá 1998 til 2007
- Stöðugildum kennara og stjórnenda hefur fjölgað um 42%
- Á sama tíma hefur nemendum fjölgað um 3,3%

# Hvað hefur breyst?

	1998	2007
Skólastjórar	192	190
Aðstoðarskólastjórar	126	142
Deildarstjórar	0	246
Samtals	318	578

Fjölgun stöðugilda stjórnenda nemur 81%

# Hvað hefur breyst?

Fjölgun stöðugilda kennara:

Kennarar með og án réttinda 29%

Sérkennarar 76%

Heildarfjölgun kennara 38%

Nemendur á stöðugildi kennara voru 13,3 árið 1998 en 9,4 árið 2007

# Hvað hefur breyst?

Fjölgun stöðugilda við stoðþjónustu:

- Sálfræðingar og námsráðgjafar 86%
- Stuðningsfulltr. og uppeldisfr. 84%
- Þroskaþjálfar 392%

# Hvað hefur breyst?

- Nemendum með miklar sérþarfir hefur fjölgað í almennum grunnskólum
- Nýbúum hefur fjölgað
- Kennslustundum nemenda hefur fjölgað
- Kennsluskylda kennara hefur lækkað

# Hvað hefur breyst?

- Aukinn tími kennara fer í annað en vinnu með nemendum
- Mikið er lagt í að sérfæðingar komi að málum varðandi einstaka nemendur og sérkennsla hefur aukist mikið þannig að vægi hins almenna kennara við að takst á við viðfangsefni varðandi nemendur virðist fara minnkandi

# Nýting fjármagns

- Grunnskólinn á Íslandi einhver sá dýrasti í heimi ef ekki sá dýrasti.
- Þrátt fyrir það er námsárangur nemenda lakari en í sambærilegum löndum
- Er hugsanlegt að ekki sé verið að leggja áherslu á rétta hluti og að við gerum ekki nægar kröfur um að það fjármagn sem sett er í grunnskólann leiði til bætts árangurs?

# Kennsla við hæfi

- Í nýjum grunnskólalögum er m.a. sagt að *nemendur eigi að fá kennslu við hæfi.*
- Hvernig er tryggt að nemendur fái kennslu við hæfi?
- Hver metur það hvort kennslan er við hæfi eða ekki?

# Ábyrgð á námi

- Í grunnskólalögum segir einnig:
- Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.
- Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennarar þeirra
- Hvenig geta foreldrar borið ábyrgð á námi nemendanna sem fyrst og fremst fer fram í skólanum þar sem foreldrar eru víðs fjarri og geta engin áhrif haft á kennsluna, skipulag skólastarfs eða áherslur?

# Áherslur og skipulag

- Kennslulotur 80 mínútur
- Kennsluhlé (frímínútur) náðu yfirleitt ekki því lágmarki sem gert var ráð fyrir í fyrri lögum um grunnskóla. Ekki minnst á kennsluhlé í nýjum lögum
- Fjölgun kennslustunda hefur að takmörkuðu leyti haft í sér fjölgun tíma í íþróttum og líkamsrækt þótt almennt sé talið að hreyfingarleysi hái börnum í dag
- Fjölgun skóladaga virðast ekki hafa orðið til að bæta námsárangur

# Námsárangur

- Ef námsárangri er ábótavant er þá líklegt að úr verði bætt með
- Aukinni sérfræðipjónustu við einstaka nemendur?
- Aukinni sérkennslu?
- Flutningi ábyrgðar frá skóla yfir á foreldra og nemendur sjálfa?

# Námsárangur

- Það sem mestu máli skiptir í skólastarfi er kennslan, það sem fram fer inni í skólastofunni.
- Efla þarf kennarann og sérfræðipjónustan þarf að beinast að því að gera hann hæfari til að takast á við þau vandamál sem upp koma í kennslu.
- Skoða kennslu og kennsluhætti, endurskoða áherslur í skólastarfi og skipulag skóladags nemenda.

# Að lokum

- Kennarar hafa með höndum ábyrgðarmikið starf og sinna því langflestir ef ekki allir af kostgæfni en skoða þarf kennsluhætti og þær aðstæður sem kennurum eru skapaðar til að ná betri árangri.
- Gera þarf kröfur um að það fjármagn sem sett er í skólastarf leiði til betri árangurs.